

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 2. desember 2025.

Mál nr. 679/2025:

**Jóhanna Bríet Ingólfssdóttir,  
Loftur Ingólfsson,  
Guðrún Bríet Gunnarsdóttir,  
Jóhann Hjartarson,  
Jóhann Ámundason,  
Óskar Þorsteinsson,  
Hólmfríður Ingólfssdóttir,  
Vilhjálmur Skarphéðinsson,  
Bríet Þorsteinsdóttir,  
Guðmundur Ingólfsson,  
Þórður Þorsteinsson,  
Bergljót Þorsteinsdóttir,  
Hrefna Gunnarsdóttir,  
Gerður Beta Jóhannsdóttir,  
Jóhanna Þorsteinsdóttir,  
Erla Þorsteinsdóttir,  
Kolbrún Gunnarsdóttir,  
Guðmundur Gunnarsson,  
Ómar Feykir Sveinsson,  
Árni Gunnar Sveinsson,  
Guðrún Þorsteinsdóttir,  
Aðalsteinn Jóhannsson,  
Anna María Ámundadóttir,  
Logi Fannar Sveinsson,  
Ámundi Rúnar Sveinsson,  
Erna Þórisdóttir,  
Guðmundur Þorbjörn Harðarson,  
Guðrún Haraldsdóttir,  
Kristján Harðarson,  
Helgi Ágústsson,  
Þórður Guðmannsson,  
Marinó Már Magnússon,  
Sveinbjörn Úlfarsson,  
Venný R. Sigurðardóttir,  
Guðrún Kristín Þórisdóttir,  
Agla Ragna Úlfarsdóttir,  
Gunnar Steinn Úlfarsson og**

## **Friðþjófur Adolf Ólason**

*(Guðmundur Ágústsson lögmaður)*

**gegn**

## **Finni Birni Harðarsyni**

*(Hilmar Gunnarsson lögmaður)*

### **Lykilorð**

*Kærumál. Lögbann.*

### **Útdráttur**

*Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem hafnað var beiðni sóknaraðila um að lagt yrði lögbann við að F æki á vélknúnum ökutækjum um nánar tilgreindan einkaveg í landi sóknaraðila, eða fæli öðrum slíkan akstur og ryfi til þess keðjulæsingar á veghliði. Byggði F á því að umræddur vegur lægi að veiðisvæði sem félag hans hefði á leigu og því bæri sóknaraðilum skylda til að veita honum aðgang að svæðinu. Í úrskurði Landsréttar var lýst forsögu ágreinings aðila. Fram kom að fyrir lægi að verulegur ágreiningur væri um það í málinu hvort Veiðifélag Stóru-Laxárdeildar eða Veiðifélag Árnesinga væri að lögum bært til að ráðstafa stangveiði sem jarðir sóknaraðila lægju að og væri sá ágreiningur ekki til lykta leiddur. Í 4. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 væri mælt fyrir um að hafi veiðifélag ráðstafað í heild stangveiði á félagssvæði sínu væri einstökum félagsmönnum skylt að veita aðgang að veiðistöðum fyrir landi sínu og skyldu þeir sem nytu aðgengis þá ávallt gæta þess að valda sem minnstri röskun á hagsmunum félagsmanns. Þá yrði ekki ráðið af gögnum málsins hvort og með hvaða hætti F gæti komist að veiðistöðum sem féllu undir samninginn án þess að fara um þann veg sem krafa sóknaraðila lyti að. Var því hvorki talið að sóknaraðilar hefðu sannað né gert sennilegt að háttsemi F bryti eða myndi brjóta gegn lögvörðum rétti þeirra í skilningi 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990. Var hinn kærði úrskurður staðfestur.*

### **Úrskurður Landsréttar**

Landsréttardómararnir Jóhannes Sigurðsson, Kjartan Bjarni Björgvinsson og Kristbjörg Stephensen kveða upp úrskurð í máli þessu.

### **Málsmeðferð og dómkröfur aðila**

- 1 Sóknaraðilar skutu málinu til Landsréttar með kæru 25. september 2025. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 16. október sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 15. september 2025 í málinu nr. K-335/2025 þar sem hafnað var kröfum sóknaraðila um að felld yrði úr gildi ákvörðun sýslumannsins á Suðurlandi 13. júní sama ár.
- 2 Með ákvörðuninni var hafnað beiðni sóknaraðila um að lagt yrði lögbann við að varnaraðili æki á vélknúnum ökutækjum um einkaveg í landi þeirra Iðu I og Iðu II í Bláskógabyggð eða fæli öðrum slíkan akstur og ryfi til þess keðjulæsingar á veghliði.

Í kröfugerð sóknaraðila kemur fram að vegurinn sem um ræðir liggi frá Skálholtsvegi þjóðvegi númer 31, um það bil 500 metra frá Iðubru á Hvítá til suðausturs og sé nefndur veiðivegur. Kæruheimild er í 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

- 3 Sóknaraðilar krefjast þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir sýslumann að leggja á umbeðið lögbann. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærúmálskostnaðar.
- 4 Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærúmálskostnaðar.

### **Niðurstaða**

- 5 Sóknaraðilar eru skráðir eigendur sumarbústaðalóða á jörðunum Iðu I og II við Stóru-Laxá í Bláskógabyggð og félagsmenn í Veiðifélagi Stóru-Laxárdeildar. Samkvæmt 1. gr. samþykktu félagsins 6. júní 2007 starfaði félagið sem deild innan Veiðifélags Árnesinga og eru félagsmenn skráðir eigendur eða ábúendur jarða og eigendur landareigna sem eiga veiðirétt í Stóru-Laxá. Eru eigendur Iðu I og II þeirra á meðal, sbr. 2. gr. samþykktanna.
- 6 Varnaraðili er fyrirsvarsmaður Bergsnasar ehf. sem er leigutaki veiðiréttar í Stóru-Laxá til tíu ára samkvæmt samningi við Stóru-Laxárdeild 13. desember 2021. Samkvæmt samþykktum deildarinnar er meðal verkefna félagsins að ráðstafa veiði í samræmi við Veiðifélag Árnesinga og gerir stjórn þá samning um veiðileigu ef aðalfundur vill ráðstafa veiði á þann hátt, sbr. 3. og 6. gr. fyrrnefndra samþykktu. Samkvæmt 8. gr. samþykktanna gilda sömu reglur um breytingar á henni og eru í samþykkt Veiðifélags Árnesinga.
- 7 Fyrir liggur að sóknaraðilar telja veginn sem krafa þeirra beinist að vera einkaveg en varnaraðili kveður veginn liggja að veiðisvæði sem félag hans hefur á leigu. Sóknaraðilar byggja á því þeir hafi ítrekað lokað veginum með keðjulásum en varnaraðili sagað þá í sundur.
- 8 Samkvæmt gögnum málsins gerðu landeigendur í Iðu samning við Veiðifélag Árnesinga 21. ágúst 1978 um að veiði yrði ekki leigð út í Stóru-Laxá frá ósi að mörkum Iðu og Eiríkshakka og að ekki yrði greiddur arður fyrir árseiningar á sama svæði. Með bréfi stjórnar Veiðifélags Stóru-Laxár 15. október 2024 til landeigenda Iðu I og II var þessum leigusamningi sagt upp frá og með 1. janúar 2025. Kom þar jafnframt fram að landeigendum Iðu I og II yrði greiddur arður fyrir tíu einingar sem Iða ætti í Stóru-Laxá og jafnframt að landeigendum væri óheimilt að veiða í samræmi við umræddan samning. Af gögnum málsins verður ráðið að Veiðifélag Stóru-Laxárdeildar hafi áður sagt sig úr Veiðifélagi Árnesinga og tekið upp heitið Veiðifélag Stóru-Laxár. Landeigendur Iðu I og II mótmæltu uppsögninni með bréfi 17. október 2024 en í svarbréfi Veiðifélags Stóru-Laxár 22. sama mánaðar kom fram að heimilt hefði verið að segja samningnum upp og að ákvörðun um uppsögn byggði á sjónarmiðum um verndun laxastofnsins í Stóru-Laxá.

- 9 Í framhaldinu fóru varnaraðili og Stóra-Laxárdeild þess á leit við matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði að nefndin afmarkaði að nýju ós Stóru-Laxár gagnvart Hvítá, sbr. bréf 27. og 28. október 2024. Á aðalfundi Veiðifélags Stóru-Laxár 19. júní 2025 var samþykkt tillaga um algert veiðibann í ósi Stóru-Laxár sem gildi sérstaklega um veiðisvæðin í landi Iðu I og II á meðan beðið væri niðurstöðu matsnefndar um afmörkun óssins. Kom fram í tillögunni að þegar tekið væri tillit til þess að ósinn væri hluti af Stóru-Laxá teldust veiðar þar óheimilar uns skorið hefði verið úr um lögmat veiðimörk.
- 10 Með úrskurði matsnefndarinnar 4. júlí 2025 voru ákveðin ný mörk á ósi Stóru-Laxár gagnvart Hvítá. Stjórn Veiðifélags Árnesinga lýsti í framhaldinu þeirri afstöðu í bréfi 7. sama mánaðar að eigendur Iðu I og II hefðu heimild félagsins til að veiða með þremur stöngum fyrir landi sínu að Hvítá, þar á meðal þeim hluta Hvítár sem teldist vera hluti Stóru-Laxár eftir nýja ósamatið. Var því jafnframt lýst að aðrir en eigendur Iðu I og II hefðu ekki heimild til að veiða á umræddu svæði Iðujarða og að veiðisvæði Iðujarðanna næði að ósi Stóru-Laxár eins og hann var ákvarðaður við stofnun Stóru-Laxárdeildar 1961.
- 11 Í bréfinu kom jafnframt fram sú afstaða stjórnarinnar að nýtt ósamat hefði engin áhrif á veiðirétt eigenda Iðu I og II þótt veiðisvæði sem áður töldust til Hvítár teldust nú til Stóru-Laxár. Þá var vísað til þess að félagið hefði ekki veitt heimild til veiða í Stóru-Laxá á svæði sem réðist af gamla ósnum og jafnframt lýst því viðhorfi að starfssvæði Stóru-Laxárdeildar næði niður að þeim ósi og ekki væri unnt að stækka starfssvæði deildarinnar nema að undangengnum lögbundnum undirbúningi á vettvangi deildarinnar og Veiðifélags Árnesinga.
- 12 Af gögnum málsins verður ráðið að félagsmenn Stóru-Laxárdeildar hafi leitað til Fiskistofu vegna ágreinings við Veiðifélag Árnesinga um hvernig standa bæri að því að taka ákvarðanir á vettvangi félagsins en samkvæmt 1. mgr. 43. gr. laga nr. 61/2006 getur félagsmaður veiðifélags kært ákvörðun sem tekin er á fundi þess eða af félagsstjórn til Fiskistofu.
- 13 Sóknaraðilar lögðu fram lögbannsbeiðnina sem mál þetta varðar hjá sýslumanni 4. júní 2025. Varnaraðili mótmælti beiðninni með vísan til þess að þar skorti rökstuðning um með hvaða hætti réttindi sóknaraðila færu forgörðum eða yrðu fyrir teljandi spjöllum, auk þess sem hagsmunir þeirra væru nægilega tryggðir með réttarreglum um refsingu eða skaðabætur. Sóknaraðilum væri auk þess skylt sem aðilum að Veiðifélagi Stóru-Laxárdeildar að veita varnaraðila aðgang að ósi Stóru-Laxár sem leigutaka árinna.
- 14 Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 má leggja lögbann við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að gerðarþoli hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það og

að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um þau. Verður þá jafnframt að gæta þess að lögbann er í eðli sínu neyðarráðstöfun sem ekki á að beita þegar almenn úrræði geta komið að haldi, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 11. nóvember 2014 í máli nr. 708/2014.

- 15 Það leiðir af 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 að mönnum er skylt að hafa með sér félagsskap um skipulag veiða í hverju fiskihverfi og er hlutverk þess nánar rakið í a-til f-liðum greinarinnar. Meðal þess er að sjá til þess að reglum laganna og samþykktu viðkomandi veiðifélags um veiðistjórnun og veiðiaðferðir sé framfylgt á félagssvæðinu og hafa með höndum verkefni sem því eru falin í lögnum og varða framkvæmd þeirra. Í samþykktum má einnig ákveða að félag skuli starfa í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns. Hver deild ráðstafar þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setur, sbr. 4. mgr. 39. gr. laganna.
- 16 Samkvæmt 2. mgr. 37. gr. laganna eru félagsmenn allir þeir sem skráðir eru veiðiréttarhafar á félagssvæðinu. Þá er mælt fyrir um það í 4. mgr. 37. gr. að hafi veiðifélag ráðstafað í heild stangveiði á félagssvæði sínu sé einstökum félagsmönnum skylt að veita aðgang að veiðistöðum fyrir landi sínu og skulu þeir sem aðgengis njóta þá ávallt gæta þess að valda sem minnstri röskun á hagsmunum félagsmanns.
- 17 Fyrir liggur að verulegur ágreiningur er um það í málinu hvort Veiðifélag Stóru-Laxárdeildar eða Veiðifélag Árnesinga sé að lögum bært til að ráðstafa stangveiði á því svæði sem jarðir sóknaraðila liggja að en varnaraðili leiðir veiðirétt sinn af leigusamningi við fyrrnefnda félagið. Sá ágreiningur hefur ekki verið til lykta leiddur. Ekki verður heldur ráðið af gögnum málsins hvort og með hvaða hætti varnaraðili geti komist að veiðistöðum sem falla undir samninginn án þess að fara um þann veg sem lögbannskrafa sóknaraðila lýtur að.
- 18 Að þessu virtu og þegar litið til þess hvernig kröfugerð sóknaraðila er háttáð verður því hvorki talið að sóknaraðilar hafi sannað né gert sennilegt að háttsemi varnaraðila brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti þeirra í skilningi 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990. Þegar af þeirri ástæðu verður staðfest niðurstaða hins kærða úrskurðar um að hafna kröfu sóknaraðila um að ákvörðun sýslumanns verði felld úr gildi.
- 19 Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað verður staðfest og sóknaraðilum gert að greiða varnaraðila kærúmálskostnað eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

### **Úrskurðarorð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Jóhanna Bríet Ingólfssdóttir, Loftur Ingólfsson, Guðrún Bríet Gunnarsdóttir, Jóhann Hjartarson, Jóhann Ámundason, Óskar Þorsteinsson, Hólmfríður Ingólfssdóttir, Vilhjálmur Skarphéðinsson, Bríet Þorsteinsdóttir, Guðmundur Ingólfsson, Þórður Þorsteinsson, Bergljót Þorsteinsdóttir, Hrefna

Gunnarsdóttir, Gerður Beta Jóhannsdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir, Erla Þorsteinsdóttir, Kolbrún Gunnarsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Ómar Feykir Sveinsson, Árni Gunnar Sveinsson, Guðrún Þorsteinsdóttir, Aðalsteinn Jóhannsson, Anna María Ámundadóttir, Logi Fannar Sveinsson, Ámundi Rúnar Sveinsson, Erna Þórisdóttir, Guðmundur Þorbjörn Harðarson, Guðrún Haraldsdóttir, Kristján Harðarson, Helgi Ágústsson, Þórður Guðmannsson, Marinó Már Magnússon, Sveinbjörn Úlfarsson, Venný R. Sigurðardóttir, Guðrún Kristín Þórisdóttir, Agla Ragna Úlfarsdóttir, Gunnar Steinn Úlfarsson og Friðþjófur Adolf Ólason, greiði varnaraðila, Finni Birni Harðarsyni, sameiginlega 500.000 krónur í kærumálskostnað.

### Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 15. september 2025

Mál þetta barst dómnum 19. júní 2025, var þingfest 1. júlí og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 14. ágúst.

Dómkröfur gerðarbeiðenda eru að héraðsdómur felli ákvörðun sýslumanns úr gildi og mæli fyrir um það að sýslumaður leggi lögbann á gerðarþola í samræmi við kröfu gerðarbeiðanda, þess efnis að gerðarþola verði bannað að aka á vélknúnum ökutækjum um einkaveg gerðarbeiðenda í landi þeirra Iðu I og Iðu II, Bláskógabyggð, eða feli öðrum slíkan akstur, og rjúfi til þess keðjulæsingar á veghliði. Umræddur vegur, liggur frá Skálholtsvegi (þjóðvegi nr. 31), u.þ.b. 500 metra frá Iðubru á Hvítá, til suðausturs og er nefndur Veiðivegur.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður gerðarbeiðenda kröfu um að gerðarþola yrði gert að greiða gerðarbeiðendum málskostnað, en af hálfu gerðarþola var þeirri kröfu mótmælt sem of seint fram kominni.

Dómkröfur gerðarþola eru aðallega að dómkröfum gerðarbeiðenda verði vísað frá dómi, en til vara er gerð krafa um sýknu af dómkröfum gerðarbeiðenda. Í báðum tilvikum er gerð krafa um að gerðarbeiðendur verðir dæmdir in solidum til þess að greiða gerðarþola málskostnað að mati dómsins.

#### Málavextir

Gerðarbeiðendur eru eigendur sumarbústaðalóða á jörðinni Iðu við Stóru-Laxá í Bláskógabyggð. Gerðarþoli er leigutaki veiðiréttar í Stóru-Laxá. Gerðarbeiðendur telja veg þann er liggur að sumarbústaðalóðum þeirra, svonefndan Veiðiveg, vera einkaveg, en gerðarþoli mun hafa notað veginn sem hann kveður liggja að veiðisvæði er hann hefur á leigu. Gerðarbeiðendur hafa lokað umræddum vegi með keðjulásnum sem þeir kveða gerðarþola ítrekað hafa sagað í sundur.

Í greinargerð gerðarbeiðanda kemur fram að hægt sé að komast að árosnum bæði frá landi Auðsholts en einnig eftir slóða sem liggja frá bænum að Iðu I. Þá sé vissulega hægt að komast að þeim slóða með því að aka umræddan veg, Veiðivegin. Sé þá beygt inn á slóðann rétt eftir að komið sé að veiðisvæðinu við Iðu. Ástæða þess að enginn vegur sé að ósnum kveða gerðarbeiðendur vera þá að engin hafi átt þangað erindi.

Í greinargerðum aðila er einnig lýst sem forsögu ágreinings aðila í máli þessu, þ.e. ágreiningi gerðarbeiðenda við Stóru-Laxárdeild Veiðifélags Árnesinga meðal annars um afmörkun á ósi Stóru Laxár sem og uppsögn leigusamnings um veiðirétt frá árinu 1978, sem mótmælt hafi verið af hálfu gerðarbeiðenda. Þá liggur fyrir að lögbann hefur verið lagt á veiði gerðarþola í ós Stóru Laxár og dómsmál rekið fyrir dómi vegna þess. Þykja ekki efni til að rekja þau málsatvik frekar.

Með beiðni dags. 3. júní 2025 til sýslumannsins á Selfossi óskuðu gerðarbeiðendur eftir því við sýslumann að lögbann yrði lagt á við því að gerðarþoli aki á vélknúnum ökutækjum um einkaveg gerðarbeiðenda í landi þeirra Iðu I og Iðu II, Bláskógabyggð, eða feli öðrum slíkan akstur, og rjúfi til þess keðjulæsingar á veghliði. Umræddur vegur liggja frá Skálholtsvegi (þjóðvegi nr. 31), u.þ.b. 500 sunnan við Iðubru á Hvítá, til suðausturs og sé nefndur Veiðivegur í skipulagi sveitarfélagsins Bláskógabyggðar. Við

fyrirtöku málsins þann 13. júní sl., var bókuð sú ákvörðun fulltrúa sýslumanns að stöðva framgang gerðarinnar þar sem talið var að mótmæli gerðarþola yllu því að óvíst væri að skilyrði væru fyrir að gerðin næði fram að ganga. Auk þess sem beiðnin væri haldinn slíkum annmörkum að sýslumanni hefði borið að endursenda gerðarbeiðendum beiðnina á grundvelli 3. mgr. 26. gr., sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Lýsti lögmaður gerðarbeiðenda þá yfir að hann myndi bera ákvörðun fulltrúa sýslumanns um stöðvun lögbannsgerðar undir héraðsdóm á grundvelli 1. mgr. 33. gr laga nr. 31/1990.

### **Málsástæður og lagarök gerðarbeiðenda**

Af hálfu gerðarbeiðenda er á því byggt að umræddur vegur sé einkavegur. Hafa gerðarbeiðendur lagt fram yfirlýsingu sveitarstjóra Bláskógabyggðar sem og Vegagerðarinnar um að vegurinn sé einkavegur og eigendum heimilt að setja hlið á veginn og læsa því fyrir umferð utanaðkomandi. Vísa gerðarbeiðendur til þess að umræddur vegur hafi verið lagður af gerðarbeiðendum og liggi að sumarhúsum þeirra. Þeir hafi því verulega hagsmuni að því að læsa hliðinu til að koma í veg fyrir að óprúttnir aðilar eigi greiða leið að sumarhúsum þeirra. Kveða þeir oft hafa gerst þegar hliðið var ólæst að brotist hafi verið inn í sumarhús þeirra. Hagsmunir gerðarbeiðanda að fá að læsa hliðinu séu ótvíræðir enda veiti það eigendum sumarhúsa á svæðinu öryggi.

Gerðarbeiðendur hafna alfarið rökstuðningi sýslumanns þess efnis að mótmæli gerðarþola valdi því að óvíst sé að skilyrði fyrir gerðinni nái fram að ganga sem og að skilyrðum 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. sé ekki fullnægt. Telja þeir ekki einungis kröfuna eins og hún er sett fram vel ígrundaða heldur uppfylli hún og beiðnin um lögbann öll skilyrði 24. gr. framangreindra laga, bæði um skýrleika og rökstuðning. Um mikið hagsmunamál sé að ræða fyrir gerðarbeiðendur, eins og fram komi í beiðni þeirra, að hafa hliðið læst svo koma megi í veg fyrir að þeir sem eigi ekki þangað erindi fari um veginn.

Af hálfu gerðarbeiðanda er á því byggt að rökstuðningur sýslumanns sé vægast sagt furðulegur og eigi sér enga stoð í lögum um kyrrsetningu og lögbann. Vissulega þurfi gerðarbeiðandi að sanna eða gera sennilegt að sú athöfn sem farið er fram á að verði stöðvuð brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans. Í því felist hins vegar ekki að sérhver mótmæli og jafnvel rökleysa gerðarþola eigi að stöðva framgang gerðarinnar. Líta verði til þess að lögbann sé bráðabirgðagerð lögð á til að stöðva byrjaða eða yfirvofandi athöfn. Með lögbanni sé ekki verið að taka afstöðu til efnisréttar. Það sé á færi dómstóla enda sú krafa bæði gerð að gerðarbeiðandi leggi fram tryggingu og stefni málinu fyrir dóm innan viku frá því að lögbannið er sett á til staðfestingar þess. Það sé síðan dómstólsins að meta hvort öll skilyrði lögbannsins hafi verið uppfyllt. Fyrir liggi að sú háttsemi gerðarþola að saga í sundur fjölmarga keðjulása á hliði á einkavegi með slápirokk geti ekki talist ólögmat [sic] aðgerð. Ekkert réttlæti slíka háttsemi sama hvað réttur gerðarþola kunnir að vera að öðru leyti. Ef ólögmat hafi verið að loka hliðinu með lás hafi gerðarþoli getað óskað eftir aðstoð lögreglu eða sýslumanns með lögbannsgerð. Það að taka sér þann rétt að saga í sundur keðjulásanna á einkavegi geti ekki undir neinum kringumstæðum verið réttlæt看leg aðgerð. Af hálfu gerðarbeiðanda sé rökum gerðarþola að hann eigi rétt á að fara um veginn að ósi Stóru-Laxár sem leigutaki árinna og ryðja úr vegi öllum hindrunum, alfarið hafnað. Þá er því alfarið hafnað af hálfu gerðarbeiðenda að einhverjar rannsóknir eigi sér stað á vegum Stóru-Laxárdeildar eða Veidifélags Árnesinga í ósnum.

Byggja gerðarbeiðendur á því að málið snúist ekki um túlkun á lögum um lax og silungsveiði nr. 61/2006 eða rétt veiðimanna til að fá að nýta vegi landeigenda til að komast að veiðistöðum eins og gerðarþoli byggir málatilbúnað sinn á heldur sé meginmarkmið gerðarþola að nýta veginn til að komast að veiðisvæði gerðarbeiðenda við Iðu og valda þeim tjóni með nærveru sinni.

Hvað varðar þau rök sýslumanns að gerðarbeiðendur hafi ekki í beiðni sinni rökstutt nægjanlega að skilyrði 24. gr. laga nr. 31/1990, um að réttindi fari forgörðum eða verði fyrir teljandi spjöllum verði ekki fallist á lögbann, byggja gerðarbeiðendur á að í beiðni þeirra til sýslumanns komi fram að gerðarþoli hafi sagað í sundur keðjulása sem og rakið að yfirlýstur tilgangur gerðarþola sé ekki að komast að ósi Stóru-Laxár heldur að stöðva lögmætari veiðar gerðarbeiðenda fyrir landi sínu að Iðu. Viðvera gerðarþola

á svæðinu hafi haft í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir gerðarbeiðendur í formi endurgreiðslu veiðileyfa. Þá hafi þessi atgangur hans haft mikil og slæm áhrif á andlega og líkamlega heilsu gerðarþola.

Telja gerðarbeiðendur öll skilyrði 24. gr. laga nr. 31/1990, fyrir hendi fyrir lögbanni. Vísa þeir til þess að málið snúist fyrst og fremst um hvort gerðarbeiðendum sé heimilt að loka hliðinu með lás. Fyrir liggja staðfesting bæði frá sveitarfélaginu Bláskógabyggð og frá Vegagerðinni að gerðarbeiðendur séu í fullum rétti til þess. Efnisrétturinn sé því skýr og ótvíræður. Staðhæfingar gerðarþola um að ekki sé hægt að loka veginum sé í andstöðu við framangreindar yfirlýsingar. Þrátt fyrir það sagi hann í sundur keðjulás á hliðinu og valdi þannig gerðarbeiðendum fjárhagstjóni og hugsanlega innbrotum í sumarbústaði þeirra. Þegar svona standi á verði að gera kröfu um að gerðarþoli sýni fram á rétt sinn.

### **Málsástæður og lagarök gerðarþola**

Kröfu sína um frávísun styður gerðarþoli þeim rökum að fulltrúi sýslumannsins hafi hafnað beiðni gerðarbeiðenda um lögbann m.a. með vísan til þess að í beiðninni væri ekki að finna rökstuðning fyrir því að gerðarbeiðendur telji að skilyrðum 24. gr. sé fullnægt. Með vísan til þess annmarka á beiðninni hafi sýslumanni borið að endursenda gerðarbeiðendum beiðnina á grundvelli 3. mgr. 26. gr., sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 31/1990.

Kveður gerðarþoli ekki hafa verið bætt úr framangreindum annmörkum í kæru gerðarbeiðenda. Í fyrsta lagi sé þar engin umfjöllun um það með hvaða hætti akstur gerðarþola á vélknúnum ökutækjum brjóti gegn lögvörðum réttindum gerðarbeiðenda. Í kæru þeirra sé nær eingöngu fjallað um nærveru gerðarþola á afmörkuðu svæði og staðhæft að hann trufla veiðimenn. Lögbannskrafan komi ekki í veg fyrir nærveru gerðarþola á svæðinu heldur einungis akstur hans á vélknúnu ökutæki á veginum. Kröfugerð gerðarbeiðenda sé þannig í engu samræmi við þau efnislegu réttindi sem þau leitist við að ná fram í málinu. Í öðru lagi sé ekki fjallað um það með hvaða hætti réttindi gerðarbeiðenda muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði þeir knúnir til þess að bíða dóms um þau, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 31/1990. Í þriðja lagi sé engin umfjöllun um það hvers vegna réttarreglur um refsingu eða skaðabætur tryggja ekki nægilega hagsmuni gerðarbeiðenda.

Byggir gerðarþoli þannig á því að annmarkar sem hafi verið á lögbannsbeiðni gerðarbeiðenda hafi ekki verið lagfærðir í kæru, þrátt fyrir að ábendingar sýslumanns. Þegar af þeirri ástæðu beri að vísa málinu frá dómi.

Kröfu sína um sýknu byggir gerðarþoli á sömu málsástæðum og lagarökum og við meðferð málsins hjá sýslumanni, þ.e. á því að athafnir hans brjóti ekki gegn lögvörðum réttindum gerðarbeiðenda, réttindi gerðarbeiðenda muni ekki fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði þeir knúnir til þess að bíða dóms um þau auk þess sem réttarreglur um refsingu eða skaðabætur tryggja nægilega hagsmuni gerðarbeiðenda.

Gerðarþoli vísar til þess að gerðarbeiðendur séu aðilar að veiðifélagi Stóru-Laxárdeildar, þar sem Iða 1 og 2 séu tilgreindar meðal jarða sem félagið taki til. Aðalatriði máls þessa varði það að gerðarbeiðendur hafi hvorki sýnt fram á, né gert sennilegt, að akstur gerðarþola um hinn svonefnda Veiðiveg brjóti gegn lögvörðum rétti þeirra. Þvert á móti beri þeim sem aðilum að framangreindu veiðifélagi lagaskylda til að veita gerðarþola og öðrum veiðimönnum aðgang að veiðistöðum í Stóru-Laxá. Þegar af þeirri ástæðu sé grundvallarskilyrðum fyrir lögbanni ekki fullnægt. Önnur skilyrði 24. gr. laga nr. 31/1990 séu sömuleiðis óuppfyllt. Ekkert bendi til þess að réttindi gerðarbeiðenda fari forgörðum eða verði fyrir teljandi spjöllum við að bíða dóms, enda hafi gerðarþoli notað veginn frá árinu 2022 án athugasemda fram að þeim ágreiningi sem nú er uppi. Loks sé ljóst að hagsmunir gerðarbeiðenda séu nægilega tryggðir með almennum reglum um skaðabætur eða eftir atvikum með því að leita til lögreglu telji þeir refsiverða háttsemi eiga sér stað. Sé lögbann því óþarft og óréttmætt úrræði í málinu.

Gerðarþoli vísar enn fremur til þess að samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl., sé skilyrði lögbanns að gerðarbeiðandi sanni að réttindi hans fari forgörðum eða verði fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um þau. Þá sé lögbann jafnframt bráðabirgðagerð sem hafi þann tilgang að hefta ákveðna athöfn vegna yfirvofandi ráðstafana þar til skorið hefur verið úr ágreiningi um heimild hans til hennar. Byggir gerðarþoli á því að hvorki í beiðni né kæru

gerðarbeiðenda sé vikið að framangreindum atriðum. Þegar af þeirri ástæðu verði að leggja til grundvallar að réttindi gerðarbeiðenda fari ekki forgörðum eða verði fyrir teljandi spjöllum verði þeim gert að bíða dóms um meintar kröfur sínar á hendur gerðarþola.

Þá ítrekar gerðarþoli að hann hafi nýtt umræddan Veiðiveg frá árinu 2022 og ekki hafi verið gerðar athugasemdir við notkunina fyrr en í október 2024, er áðurgreindum leigusamningi frá árinu 1978 var sagt upp. Gerðarbeiðendur hafi því sýnt tómlæti sem hafi áhrif við mat á því hvort fallast eigi á kröfu um lögbann.

Loks vísar gerðarþoli til þess að skv. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990, verði lögbann ekki lagt við athöfn „eft talið verður að réttarreglur um refsingu eða skaðabætur fyrir röskun hagsmuna gerðarbeiðanda tryggi þá nægilega.“ Byggir gerðarþoli á því að gerðarbeiðendur hafi þann kost í stöðunni að leita til lögreglunnar ef þeir telji að gerðarþoli brjóti gegn réttindum þeirra. Gerðarbeiðendur geti jafnframt gert kröfu um skaðabætur ef þeir telji að gerðarþoli hafi brotið gegn lögvörðum rétti þeirra. Telur gerðarþoli þannig að réttarreglur um refsingu eða skaðabætur tryggi hagsmunum gerðarbeiðenda og engin ástæða sé því fyrir lögbanni.

Hvað málskostnað varðar vísar gerðarþoli til 130. gr. laga nr. 91/1991.

### **Forsendur og niðurstöður**

Í máli þessu gera gerðarbeiðendur þá kröfu að felld verði úr gildi ákvörðun sýslumanns um stöðvun lögbannsgerðar og þess jafnframt krafist að lagt verði fyrir sýslumann að leggja á lögbann þess efnis að gerðarþola verði bannað að aka á vélknúnum ökutækjum um einkaveg gerðarbeiðenda í landi þeirra Iðu I og Iðu II, Bláskógabyggð, og rjúfi til þess keðjulæsingar á veghliði, líkt og að nánar greinir að framan.

Af hálfu gerðarbeiðenda er á því byggt að skilyrði lögbanns séu uppfyllt, enda sé gerðarþoli með athæfi sínu að brjóta gegn lögvörðum rétti gerðarbeiðenda til friðhelgis einkalífs og eignaréttar auk réttar þeirra til að hafa hliðið lokað og verjast ágangi óviðkomandi. Um sé að ræða einkaveg sem gerðarbeiðendum sé heimilt að loka fyrir óviðkomandi umferð. Þá er því hafnað af hálfu gerðarbeiðenda að ekki sé í beiðni þeirra rakið hvernig lagaskilyrði séu uppfyllt. Réttindi þeirra fari forgörðum og þeir verði fyrir teljandi spjöllum auk þess sem réttarreglur um refsingu og skaðabætur tryggi rétt þeirra ekki nægilega.

Af hálfu gerðarþola er á því byggt að skilyrði lögbanns séu ekki fyrir hendi. Gerðarbeiðendur hafi hvorki sýnt fram á, né gert sennilegt, að akstur gerðarþola um títtnefndan veg brjóti gegn lögvörðum rétti þeirra, ekkert bendi til þess að réttindi gerðarbeiðenda fari forgörðum eða verði fyrir teljandi spjöllum við að bíða dóms auk þess sem hagsmunir gerðarbeiðenda séu nægilega tryggðir með almennum reglum um skaðabætur eða eftir atvikum með því að leita til lögreglu telji þeir refsiverða háttsemi eiga sér stað.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl., má leggja lögbann við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að gerðarþoli hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það og að réttindi hans muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um þau. Þá segir í ákvæðinu að lögbann verði ekki lagt við athöfn ef talið verður að réttarreglur um refsingu eða skaðabætur fyrir röskun hagsmuna gerðarbeiðanda tryggi þá nægilega eða ef sýnt þykir að stórfelldur munur sé á hagsmunum gerðarþola af því að athöfn fari fram og hagsmunum gerðarbeiðanda af að fyrirbyggja hana, enda setji gerðarþoli eftir atvikum tryggingu fyrir því tjóni sem athöfnin kann að baka gerðarbeiðanda.

Hvað varðar þann hluta kröfugerðar gerðarbeiðenda er snýr að akstri gerðarþola um títtnefndan veiðiveg er það mat dómsins að skilyrðum 24. gr. framangreindra laga sé ekki fullnægt, sér í lagi þar sem gerðarbeiðendur hafi ekki sýnt nægjanlega fram á að réttindi þeirra muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði þeir knúnir til að bíða dóms um þau.

Hvað varðar þann hluta kröfugerðar gerðarbeiðenda er snýr að því að gerðarþola verði bannað að rjúfa keðjulæsingar á veghliði verður ekki framhjá því litið að málalíbúnaður gerðarbeiðenda snýr allur að því að í umræddri háttsemi gerðarþola felist eignaspjöll og því verður að ætla að réttarreglur um refsingu

eða skaðabætur fyrir röskun hagsmuna gerðarbeiðenda tryggi þá nægilega, enda felur ákvæðið í sér að lögbann verður ekki lagt við refsiverðri háttsemi sem slíkri.

Að öllu framangreindu virtu er það mat dómsins að fulltrúa sýslumanns hafi verið rétt að stöðva framgang gerðarinnar og verður kröfum gerðarbeiðenda í máli þessu því hafnað.

Að virtum framangreindum málsúrslitum þykir rétt að gerðarbeiðendur greiði gerðarþola in solidum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 1.000.000 krónur.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri kveður upp úrskurð þennan.

### **Úrskurðarorð:**

Hafnað er kröfum gerðarbeiðenda þess efnis að felld verði úr gildi ákvörðun sýslumanns og mælt fyrir um það að sýslumaður leggi á lögbann á gerðarþola í samræmi við kröfu gerðarbeiðanda, þess efnis að gerðarþola verði bannað að aka á vélknúnum ökutækjum um einkaveg gerðarbeiðenda í landi þeirra Iðu I og Iðu II, Bláskógarbyggð, eða feli öðrum slíkan akstur, og rjúfi til þess keðjulæsingar á veghliði. Umræddur vegur liggur frá Skálholtsvegi (þjóðvegi nr. 31), u.þ.b. 500 metra frá Iðubru á Hvítá, til suðausturs og er nefndur Veiðivegur.

Gerðarbeiðendur, Jóhanna Bríet Ingólfssdóttir, Loftur Ingólfsson, Guðrún Bríet Gunnarsdóttir, Jóhann Hjartarson, Jóhann Ámundason, Óskar Þorsteinsson, Hólmfríður Ingólfssdóttir, Vilhjálmur Skarphéðinsson, Bríet Þorsteinsdóttir, Guðmundur Ingólfsson, Þórður Þorsteinsson, Bergljót Þorsteinsdóttir, Hrefna Gunnarsdóttir, Gerður Beta Jóhannsdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir, Erla Þorsteinsdóttir, Kolbrún Gunnarsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Ómar Feykir Sveinsson, Árni Gunnar Sveinsson, Guðrún Þorsteinsdóttir, Aðalsteinn Jóhannsson, Anna María Ámundadóttir, Logi Fannar Sveinsson, Ámundi Rúnar Sveinsson, Erna Þórisdóttir, Guðmundur Þorbjörn Harðarson, Guðrún Haraldsdóttir, Kristján Harðarson, Helgi Ágústsson, Þórður Guðmannsson, Marinó Már Magnússon, Sveinbjörn Úlfarsson, Venný R. Sigurðardóttir, Guðrún Kristín Þórisdóttir, Agla Ragna Úlfarsdóttir, Gunnar Steinn Úlfarsson og Friðþjófur Adolf Ólason, greiði gerðarþola Finni Birmi Harðarsyni, 1.000.000 kr. í málskostnað.